

### **3. fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps, haldinn föstudaginn 22 janúar í Félagsheimilinu á Flúðum og hófst hann kl: 16:00**

Fundinn sátu: Nói Mar Jónsson, formaður. Einnig sátu fundinn: Birgir Valur Thorsteinson, Hjörný Karlsdóttir, Valdís Una Guðmannsdóttir, varaformaður og Una Bóel Jónsdóttir (var í gegnum Facetime) sem skráði fundargerð.

#### **Dagskrá fundarins var eftirfarandi:**

#### **1 Kynning og umræður um barnvætt samfélag í Hrunamannahreppi**

Kolbrún Haraldsdóttir kom og sagði ungmennaráði frá barnvænu samfélagi sem er verkefni sem Hrunamannahreppur er að fara í. Kolbrún sagði frá hverju skrefi fyrir sig og um hvað hvert skref var. Verkefnið stendur fyrir því að innleiða markmið barnasáttmálans inn í sveitarfélagið. Ungmennaráði leist mjög vel á þetta verkefni þar sem það snýst um velferð barna og ungmenna, ásamt því að þetta styrkir sveitarfélagið. Fulltrúi frá ungmennaráði fyrir stýrihóp er Hjörný. Una Bóel er til vara.

#### **2. Heilsuvika – hvert er framhaldið**

Nói Mar, formaður, kynnti Heilsuvikuna og markmið hennar fyrir nýjum nefndarmeðlimun. Áhugi er fyrir að halda hátíðina sumarið 2021, ef aðstæður leyfa. Ungmennaráð er reiðubúið í að skipuleggja hátíðina en með þeim skilyrðum að vera í samvinnu við aðrar nefndir þ.e. að aðrar nefndir komi og hjálpa til við skipulag og umgjörð. Fá fleira fólk til að taka þátt í því s.s. fá fleiri sjónarmið t.d. frá eldri kynslóðinni, þar sem hátíðin snýst um allan aldur.

#### **3. Hugmyndir um staðsetningu fyrir styttuna sem er fyrir framan leikskólann**

- Setja styttuna í miðjan listagarð þ.e. á glímupallinn – eða annars staðar í garðinum s.s. vinstra megin við glímupallinn (nær trjánunum).
- Í mitt hringtorgið.
- Á túnið fyrir framan félagsheimilið (þótt að trén verða farin).

#### **4. Annað**

**Beiðni frá ungmennum:** að gera körfuboltavöllinn öruggari og betri þar sem hann er mikið notaður. Endurbæta hann t.d. með því að fá annan grunn heldur en malbik. Sjá til hliðsjónar völl frá Sport Cort (betrireykjavik.is) <https://betrireykjavik.is/post/7062>

**Fundi slitið: 17:15**